

Miðvikudaginn 23. maí 1956.

Nr. 74/1956. **Ákærvaldið**

gegn

Snorra Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kærnu 16. maí 1956, sem barst Hæstarétti 22. s. m., hefur kærði, Snorri Jónsson, skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess, aðallega að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæzluvarðhaldstími hans verði stytur frá því, sem ákveðið er í úrskurðinum.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 16. maí 1956.

Ár 1956, miðvikudaginn 16. maí, var úrskurður þessi kveðinn upp í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sigurgeiri Jónssyni bæjarfógeta.

Snorri Jónsson kaupmaður, Borgarholtsbraut 20 í Kópavogi, fæddur 10. júlí 1911, var með úrskurði sakadóms Kópavogs hinn 2. þ. m. úrskurðaður í gæzluvarðhald í allt að 14 daga vegna rannsóknar máls út af grun um, að hann hafi haft kynferðismök við unga drengi. Mál þetta hefur verið í rannsókn síðan, og er henni ekki lokið enn. Kærði hefur ekki viljað kannast við að hafa framið brot þessi, en 5 vitni hafa nú þegar borið um fullkomin kynvillumök kærða við þau og önnur vitni um minni háttar mök og áleitni kærða við þau.

Telja verður sömu hættu nú og var hinn 2. þ. m. á, að kærði torveldi rannsókn máls þessa, ef hann heldur frelsi sínu. Þykir því samkvæmt 1. tölulíð 67. gr. laga nr. 27 frá 1951 um meðferð opinberra mála nauðsyn, að gæzluvarðhald Snorra Jónssonar standi áfram, og þykir, með hliðsjón af hve viðtæk rannsókn máls-

ins er, gæzluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn allt að einum mánuði.

Því úrskurðast:

Gæzluvarðhald Snorra Jónssonar framlengist um allt að einum mánuði.

Miðvikudaginn 23. maí 1956.

Nr. 68/1956. **Sæmundur Ólafsson f. h. eigenda**
v/b Sigurðar Stefánssonar
 gegn
Ingólfi G. S. Esphóln.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. apríl 1956, er barst dóminum hinn 7. maí s. á. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hinn kærði dómur verði ómerktur, lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Frá varnaraðilja hafa kröfur eða greinargerð eigi borizt Hæstarétti.

Með dómi Hæstaréttar hinn 12. marz 1956 var gagnsök varnaraðilja í máli sóknaraðilja gegn honum vísað frá héraðsdómi samkvæmt kröfu sóknaraðilja. Hafði sóknaraðili þá eigi uppi fyrir Hæstarétti kröfu um málskostnað í héraði í gagnsökinni. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.